



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur
21. maí 2024

- T I L L A G A -
Upphítuð strætóskýli á Háskólasvæðinu

Stúdentaráð kallar eftir því að Reykjavíkurborg komi upp upphítuðum og skjólgóðum strætóskýlum á Háskólasvæðinu.

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Þessi tillaga miðar að því að auka þægindi og öryggi nemenda, kennara og starfsfólks sem reiða sig á almenningssamgöngur, sérstaklega á erfiðum vetrarmánuðum. Í ljósi erfiðra veðurskilyrða á Íslandi, þar sem hiti fer oft niður fyrir frostmark og úrkoma er tíð, er þörfin fyrir þægileg og örugg biðsvæði við strætóskýli mikil. Uppsetning upphitaðra strætóstoppistöðva á háskólasvæðinu myndi bæta upplifun almenningssamgangna verulega, stuðla að notkun þeirra og styðja við skuldbindingu háskólans um sjálfbærni og velferð nemenda.

Í sumar eru fyrirhugaðar breytingar á strætóskýlum við háskólann, þá sérstaklega við Hringbraut og Suðurgötu. Samkvæmt skipulagi Reykjavíkurborgar munu þau strætóskýli ekki vera upphítuð né lokuð, þrátt fyrir að skýlin eigi að þjóna tugum einstaklinga hverju sinni. Mikilvægt er að Stúdentaráð grípi í taumana áður en það er of seint, þ.e. áður en strætóskýlunum verður komið upp í óbreyttri mynd.

Anna Sóley Jónsdóttir, stúdentaráðsliði Vöku